



Umsögn

Efni: Tónlistarskólar – framlenging samninga
Viðtakandi: Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs
Sendandi: Sviðstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Óskað hefur verið eftir umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs á framlengingu samninga við tónlistarskóla í Reykjavík vegna neðri stiga tónlistarnáms og endurnýjun samninga vegna efri stiga tónlistarnáms.

Í tillögu sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs til skóla- og frístundaráðs dags 24. mars 2021, er lagt til að samningar Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla með þjónustusamning vegna neðri stiga tónlistarnáms sem renna út 31. júlí 2021, verði framlengdir með viðauka frá 1. ágúst 2021 til 31. júlí 2022. Áætlaðar heildargreiðslur til tónlistarskóla vegna umsamins kennslumagns í samningum vegna neðri stiga eru 1.107 m.kr. á samningstímabilinu. Gert er ráð fyrir framangreindu fjármagni vegna neðri stiga í fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs.

Tónlistarskólar	Á ári	Ág. til des.	Jan. til júl.	Stundir	Pr. stund
Allegro Suzukitónlistarskólinn	33.727.542	14.053.142	19.674.399	2.125	15.872
Nýi tónlistarskólinn	71.768.388	29.903.495	41.864.893	4.967	14.449
Píanóskóli Þorsteins Gauta ehf	27.806.387	11.585.995	16.220.393	2.128	13.067
Suzukitónlistarsk. í Reykjavík	76.671.267	31.946.361	44.724.906	4.976	15.408
Domus Vox ehf	14.309.992	5.962.497	8.347.496	1.102	12.985
Söngskóli Sigurðar Dementz ses	28.731.373	11.971.406	16.759.968	1.879	15.291
Söngskólinn í Reykjavík	28.272.093	11.780.039	16.492.054	1.923	14.702
Tónlistarskóli FÍH	95.663.017	39.859.591	55.803.427	6.322	15.132
Tónlistarskólinn í Grafarvogi ehf	94.981.752	39.575.730	55.406.022	6.312	15.048
Tónskóli Eddu Borg	58.661.096	24.442.123	34.218.973	4.271	13.735
Tónskóli Sigursveins D. Kr.	223.383.111	93.076.296	130.306.815	14.658	15.240
Tónskólinn DO-RE-MI	72.436.619	30.181.925	42.254.694	4.849	14.938
Gítarskóli Íslands ehf	32.397.655	13.499.023	18.898.632	2.377	13.630
Tónlistarskóli Árbæjar	80.437.627	33.515.678	46.921.949	5.680	14.162
Tónmenntaskólinn í Reykjavík	103.788.548	43.245.228	60.543.320	7.268	14.280
Tónlistarfélagið Strengur ehf (Hörpunnar)	33.857.160	14.107.150	19.750.010	2.483	13.636
Tónstofa Valgerðar	29.672.860	12.363.692	17.309.168	1.767	16.793
Total	1.106.566.488	461.069.370	645.497.118	75.087	14.737

Þá er lagt til að samþykktir verði samningar Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla í Reykjavík vegna efri stiga tónlistarnáms á grundvelli upplýsinga frá Jöfnunarsjóði vorið 2021. Gildistími verði 1. september 2021 til 31. ágúst 2022 og er hlutverk Reykjavíkurborgar að miðla framlagi Jöfnunarsjóðs í samræmi við reglur sjóðsins og gera samninga við þá aðila sem falla undir samkomulag um eflingu tónlistarnáms.



Tónlistarskóli	Kennslumagn JS 20-21	Hlutfall af heild	Raunframlag miðað við JS upphæð - m.v. meðalverð per stund	Mánaðarleg framlag	Lágmarks kennslumagn í samn. 20-21	Ath. þarf hvort JS hefur hækkað viðmiðun vegna lágmarksfjölda stunda
Nýi tónlistarskólinn	1148	6%	14.618.678	1.218.223	975	
Píanóskóli Þorst.G.	346	2%	4.000.468	333.372	267	
Suzukitón.sk. í Rvk	586	3%	7.957.226	663.102	530	
Söngskóli Sig.Dem	5101	25%	68.745.845	5.728.820	4.583	
Söngskólinn Domus Vox	1001	5%	11.484.894	957.074	766	
Söngskólinn í Rvk	5939	29%	76.901.838	6.408.487	5.127	
Tónlistarskóli Árbæjar	161	1%	2.002.678	166.890	134	
Tónlistarskóli FÍH	134	1%	1.781.099	148.425	119	
Tónlistarskólinn í Grv	994	5%	13.196.232	1.099.686	880	
Tónskóli Eddu Borg	51	0%	611.313	50.943	41	
Tónskóli Sigursveins	3659	18%	49.184.934	4.098.744	3.279	
Tónskóli Þjóðkirkjunnar	956	5%	12.409.251	1.034.104	827	
Tónskólinn DoReMi	655	3%	8.634.555	719.546	576	
SAMTALS:	20.728		271.529.011	22.627.418	18.102	

Fjármála- og áhættustýringarsvið hefur ekki athugasemdir við framlengingu samninga við tónlistarskóla. Í febrúar 2021 fór fjármála- og áhættustýringarsvið í samráði við kjaradeild og skóla- og frístundasvið yfir áhrif kjarasamningsbundinna hækkana KÍ/FT og FÍH á sjálfstætt starfandi tónlistarskóla og voru fjárheimildir skóla- og frístundasviðs vegna 2021 hækkaðar til samræmis við þá niðurstöðu. Miðað var við óbreytt kennslumagn frá fyrri samningi. Fjárhagsleg áhrif vegna framlengingu óbreyttra samninga eru þ.a.l komnar inn í fjárheimildir skóla- og frístundasviðs vegna ársins 2021 og verði aðrar breytingar sem hafa áhrif á fjárheimildir eru þær háðar samþykki borgarráðs/borgarstjórnar. Vegna eðlis samninga sem eiga við um tónlistarkennslu á efra stigi, þ.e. miðlun framlags úr Jöfnunarsjóði til skólanna, hafa samningarnir ekki áhrif á fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs

Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

ÞJÓNUSTUSAMNINGUR VIÐ TÓNLISTARSKÓLA VEGNA NEDRI STIGA TÓNLISTARNÁMS

Reykjavíkurborg vegna skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609 annars vegar og [Nafn skóla] [kennitala tónlistarskóla] hins vegar, hér eftir tónlistarskólinn, gera með sér svofelldan samning í samræmi við reglur um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla, samþykktar í borgarráði þann 9. febrúar 2017, með síðari breytingum, sem er fylgiskjal með samningi þessum og órjúfanlegur hluti hans:

1. gr.

Markmið

- 1.1.** Markmið samningsaðila er að styrkja og efla tónlistarskólanám í Reykjavík.

2. gr.

Fjárframlög

- 2.1.** Reykjavíkurborg tekur ákvörðun um árlegt heildarfjármagn til tónlistarskóla vegna náms á neðri stigum tónlistarnáms og er árlegt framlag Reykjavíkurborgar til tónlistarskólans [] þ.kr. á samningstímanum 1. september 2017 til 31. júlí 2020.
- 2.2.** Fjárframlög Reykjavíkurborgar eru einungis vegna nemenda með lögheimili í Reykjavík og falla utan samkomulags ríkis og sveitarfélaga frá 13. apríl 2016 um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda. Fjárframlög Reykjavíkurborgar eru vegna nemenda sem stunda fornám, grunnnám og miðnám á hljóðfæri og fornám og grunnnám í söng (neðri stig tónlistarnáms).
- 2.3.** Um framlag Reykjavíkurborgar gilda reglur um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla dags. samþykktar í borgarráði þann 9. febrúar 2017, með síðari breytingum. Þess skal getið í kynningarefni skólans að skólinn njóti fjárframlaga frá Reykjavíkurborg.
- 2.4.** Tónlistarskólinn nýtir árlegt fjárframlag til greiðslu kennslu- og stjórnunarkostnaðar í samræmi við þann fjölda nemendastunda sem tilgreindur er í samningi þessum. Framlag vegna umsaminna kenndra nemendastunda getur tekið breytingum í samræmi við breytingar kjarasamninga Sambands íslenskra sveitarfélaga og FÍH og FT. Leiði breytingar kjarasamninga til aukinna útgjalda er hækkun fjárframlags háð samþykktum breytingum á fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar.
- 2.5.** Gerður er fyrirvari um að framlag á síðari tveimur samningsárunum er með fyrirvara um árlegan fjárhagsramma skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og getur lækkað verði fjárhagsrammi sviðsins skertur.
- 2.6.** Tónlistarskólinn skal innheimta skólagjöld. Skólagjöldum er ætlað að standa undir öðrum kostnaði við skólareksturinn en launakostnaði kennara og skólastjóra, að svo miklu leyti sem rekstrarkostnaðurinn er ekki borinn af styrktarmeðlimum eða annari fjáröflun.
- 2.7.** Tónlistarskólinn ber ábyrgð á að kennsla og önnur starfsemi hans sé í samræmi við þjónustusamning þennan. Skilyrði þess að tónlistarskóli fái fjárframlag Reykjavíkurborgar er að hann starfi að fullu samkvæmt reglum um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla.
- 2.8.** Tónlistarskólanum ber að fara eftir kjarasamningum sem Samband íslenskra sveitarfélaga gerir við stéttarfélag tónlistarskólakennara á hverjum tíma. Í þessu

Fyrirmynd að samningi við tónlistarskóla

- felst meðal annars að tónlistarskólanum ber að tryggja að mat á menntun og reynslu tónlistarkennara sé í samræmi við ákvæði kjarasamninga.
- 2.9** Tónlistarskóli sem greiðir fleiri stjórnunarstundir en kjarasamningar kveða á um þarf að skila frávikagreiningu til Reykjavíkurborgar en óheimilt er að nota fjármagn frá Reykjavíkurborg til greiðslu slíks kostnaðar.
- 2.10** Skilyrði fyrir nýtingu framlags vegna tölvunotkunar tónlistarkennara við kennslu er að fyrir liggja skrifleg beiðni tónlistarskóla um að tónlistarkennari leggi sjálfur til tölvu. Að öðru leyti fer um nýtingu framlags vegna tölvunotkunar tónlistarkennara samkvæmt ákvæðum kjarasamninga. Tónlistarskólinn skal skila í árlegri greinargerð samkvæmt gr. 5.5 í samningi þessum, yfirliti um notkun tölvu í eigu tónlistarkennara sem greitt er fyrir.
- 2.11** Tónlistarskólanum er heimilt að sækja sérstaklega um aukaframlag vegna viðbótarlaunakostnaðar skóla við afleysingar vegna langtímaforfalla tónlistarkennara sem ekki hafa náð 70 ára aldri, að loknum samfelldum eins mánaðar forföllum tiltekens kennara, sem staðfest eru með læknisvottorði og að því gefnu að tónlistarkennarinn eigi rétt á greiðslu launa í veikindum sínum, til samræmis við gr. 5.11 í reglum um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla.
- 2.12** Heildarframlag til tónlistarskóla, árlegt framlag og aukaframlag skv. gr. 2.11, þjónustusamnings þessa verður aldrei herra en sem nemur raunverulegum launakostnaði skólans vegna kennslu og stjórnunar vegna neðri stiga á viðkomandi ári.
- 2.13** Framlag skv. gr. 2.1 greiðist með jöfnum mánaðarlegum greiðslum og skal greitt út síðasta virka dag hvers mánaðar (eftirá).

3. gr.

Kennsla og kennslumagn á grundvelli framlags

- 3.1** Tónlistarskólinn skal leitast við að kenna hverjum nemanda í fullu námi að jafnaði eina klukkustund á viku í aðalnámsgrein, auk hliðargreina, á starfstíma tónlistarskólans samkvæmt kjarasamningi.
- 3.2** Tónlistarskólinn ábyrgist að kennsla þeirra nemenda, sem innritaðir eru í skólann, sé í samræmi við lög og reglugerðir og önnur stjórnvaldsfyrirmæli sem áhrif kunna að hafa á rekstur tónlistarskóla. Aðalnámskrá tónlistarskóla skal ávallt liggja til grundvallar náminu, en skólanum er heimilt að leggja áherslu á afmarkaða þætti aðalnámskrárinnar í þeim tilgangi að auka fjölbreytni í tónlistarskólalastarfinu og mæta áhuga nemenda.
[Tónlistarskólanum er heimilt að nýta fjármagn með öðrum hætti en að framan greinir, en þó aðeins þannig að breytingin leiði til fjölgunar nemenda, enda fái hver nemandi í fullu námi a.m.k. eina klukkustund á viku í aðalnámsgrein sinni þar sem kennsla fer fram í smærri eða stærri hópum auk hliðargreina. Skólinn skal gera grein fyrir nýtingu fjármagns á grundvelli breytts fyrirkomulags kennslu og áhrifum þess í starfsáætlun og greinargerð.]
- 3.3** Tónlistarskólinn upplýsir í starfsáætlun skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar um hversu margar nemendastundir hann getur kennt að lágmarki fyrir áætlað framlag Reykjavíkurborgar.
- 3.4** Tónlistarskólinn kennir að lágmarki [fjöldi stunda] nemendastundir á ári fyrir árlegt framlag á samningstímanum.
- 3.5** Framlag samkvæmt samningnum tekur til kennslu þeirra nemenda sem falla undir reglur um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla vegna nemenda á neðri stigum tónlistarnáms, sbr. gr. 1.1. í reglum um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla.

Commented [GS1]: Ákvæðið á við um þá sem sótt hafa um að nýta fjármagn með þessum hætti. Annars ekki.

Fyrirmynd að samningi við tónlistarskóla

- 3.6 Tónlistarskólanum er heimilt að ráðstafa fleiri nemendastundum en fram kemur í grein 3.4 í samningi þessum en aukin þjónusta skólans hefur ekki áhrif á fjárhæð framlags, sbr. gr. 2.1 samningsins.
- 3.7. Tónlistarskóli sem velur að kenna fleiri nemendastundir en þjónustusamningur kveður á um skal gera grein fyrir því í starfsáætlun og greinargerð og taka fram hvort og með hvaða hætti það hefur áhrif á það heildarkennslumagn sem hverjum nemanda í fullu námi býðst.
- 3.8 Nemendur skulu fá kennslu að lágmarki í samræmi við lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985, aðalnámskrá tónlistarskóla, sbr. auglýsingu nr. 529/2000 og reglur um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla.
- 3.9 Sjái tónlistarskólinn sér ekki fært að uppfylla skilyrði um kennsluskyldu eða þjónustu miðað við forsendur þær er fram koma í samningi þessum skal skólinn tilkynna skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar það svo fljótt sem verða má. Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar mun þá endurskoða fjárhæð framlags og lækka framlagið í samræmi við breyttar forsendur.

4. gr.

Umsókn og innritun í tónlistarskóla

- 4.1 Umsókn um nám í tónlistarskóla fer fram í miðlægu innritunarkerfi Reykjavíkurborgar. Tónlistarskólinn ber ábyrgð á að upplýsingar í innritunarkerfi Reykjavíkurborgar um nemendur sem eru í skólanum séu réttar og að þær séu í samræmi við nám þeirra í skólanum.
- 4.2 Tónlistarskólinn skal setja sér inntökureglur og birta á heimasíðu sinni. Tónlistarskólinn skal gæta jafnræðis við inntöku nemenda og skulu aðferðir skólans við mat á umsækjendum vera gagnsæjar og aðgengilegar almenningi á heimasíðu skólans. Kostnaður vegna námsins skal tilgreindur með skýrum og aðgengilegum hætti og vera umsækjendum um nám ljós áður en þeir senda inn umsókn sína.

5. gr.

Upplýsingagjöf og eftirlit skóla- og frístundasviðs

- 5.1 Tónlistarskólinn skilar starfsáætlun eigi síðar en 1. júlí ár hvert samkvæmt leiðbeiningum skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar til samræmis við gr. 12.1 í reglum um þjónustusamninga við tónlistarskóla.
- 5.2 Tónlistarskólinn afhendir að beiðni skóla- og frístundasviðs þegar eftir því er óskað yfirlit yfir kennara og stjórnendur skólans þar sem m.a. komi fram upplýsingar um laun og kennslu hvers og eins auk upplýsinga um áætlaðan nemendafjölda. Ef um samkennslu er að ræða þarf að tilgreina hversu margir nemendur eru í hóp. Upplýsingum skal skilað á því formi sem óskað er eftir af hálfu skóla- og frístundasviðs hverju sinni, sbr. Tónalaun eða á öðru sambærilegu formi.
- 5.3 Skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar er heimilt að krefja tónlistarskóla um fjárhagsáætlun fyrir tiltekið tímabil samkvæmt leiðbeiningum Reykjavíkurborgar. Með fjárhagsáætlun skal fylgja yfirlit yfir kennara og stjórnendur skólans þar sem m.a. komi fram upplýsingar um laun og kennslu hvers og eins auk upplýsinga um áætlaðan nemendafjölda. Ef um samkennslu er að ræða þarf að tilgreina hversu margir nemendur eru í hóp. Upplýsingum skal skilað á því formi sem óskað er eftir af hálfu Reykjavíkurborgar hverju sinni.

Fyrirmynd að samningi við tónlistarskóla

- 5.4** Tónlistarskólinn sendir skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar endurskoðaðan ársreikning um liðið fjárhagsár sem gerður er í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og góða reikningskilavenju auk skýrslu stjórnar fyrir 1. febrúar ár hvert. Ársreikningur skal gerður á grundvelli skólaársins frá 1. ágúst til 31. júlí. [Heimilt er fram að skólaárinu 2019-2020 að hafa sama uppgjörstímabil og áður en tilkynna ber skóla- og frístundasviði um það val. Skil á ársreikningum skal vera eigi síðar en sex mánuðum eftir að fjárhagsári lýkur.]
- Reikningar skulu áritaðir af framkvæmdastjóra (skólastjóra), stjórn félagsins (skólanefnd) og endurskoðendum. Í ársreikningi skulu tekjur af skólagjöldum vegna nemenda á neðri og efri stigum tónlistarnáms sundurgreindar í skýringum þegar við á. Jafnframt skal sundurgreina launakostnað vegna kennslu og stjórnunar sérstaklega vegna neðri og efri stiga tónlistarnáms þegar við á. Sama gildir um aukaframlag vegna langtíma forfalla tónlistarkennara vegna veikinda eða slysa.
- 5.5** Tónlistarskólinn skilar greinargerð til skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar um starfsemi síðasta skólaárs samkvæmt leiðbeiningum skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar fyrir 1. júlí ár hvert. Í greinargerð komi fram upplýsingar um starfsemi skólans, s.s. fjölda nemenda, fjölda nemenda á biðlista, fjölda kenndra nemendastunda, fjölda kennara og stöðugilda, innritunarreglur og innritunarviðmið, fjölda áfangaprófa, yfirlit yfir eigin tölvunotkun tónlistarkennara, yfirlit yfir tónleika, nýjungar í skólastarfi, upplýsingar um skólagjöld við skólann á mismunandi námsstigum auk afslátta ef um slíkt er að ræða og annað það sem skólar vilja taka fram eða Reykjavíkurborg óskar eftir.
- 5.6** Tónlistarskólanum er einnig skylt að veita skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar allar aðrar upplýsingar um starfsemi og fjárhag skólans og allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar kunna að vera vegna rannsókna eða úttekta sem skóla- og frístundasvið kann að framkvæma eða láta framkvæma og varða tónlistarfræðslu í Reykjavíkurborg.

6. gr.

Vanefndir og leiðréttingar

- 6.1** Komi til vanefnda á þjónustusamningi þessum er heimilt að grípa til hefðbundinna vanefndaúrræða. Sé um verulega vanefnd að ræða er heimilt að grípa til riftunar að undangengnum hæfilegum fresti til úrbóta.
- 6.2** Komi í ljós að skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar hafi ofgreitt framlag til tónlistarskóla af einhverjum ástæðum, t.d. vegna rangra upplýsinga eða mistaka, mun skóla- og frístundasvið lækka framlag til skólans við næstu greiðslu sem því nemur eða krefjast endurgreiðslu. Tónlistarskólinn getur óskað eftir því að endurgreiðslu verði dreift á þrjá mánuði.

7. gr.

Gildistími og áskilnaður um rekstrarhæfi

- 7.1.** Samningur þessi gildir fyrir tímabilið 1. september 2017 til og með 31. júlí 2020.
- 7.2** Óski annar hvor aðilinn eftir því að segja samningnum upp fyrir er gagnkvæmur uppsagnarfrestur þrjú mánuðir og miðast við mánaðamót. Tilkynning um uppsögn skal vera skrifleg og afhent með sannanlegum hætti.
- 7.3** Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að ganga úr skugga um rekstrarhæfi tónlistarskóla áður en þjónustusamningur er gerður við skólann og hvenær sem er

Commented [GS2]: Á við um þá sem ekki gera upp stra...
grundvelli fjárhagsársins 1. ágúst til 31. júlí ár hvert.

Fyrirmynd að samningi við tónlistarskóla

eftir að slíkur samningur hefur verið gerður ef málefnalegar ástæður eru fyrir hendi. Ef vafi leikur á um rekstrarhæfi tónlistarskóla er Reykjavíkurborg heimilt að hafna samningsgerð við skólann eða eftir atvikum að segja upp gildandi samningi. Til samræmis við lög um ársreikninga nr. 3/2006 skal koma fram í skýrslu stjórnar með ársreikningi ef vafi leikur á um rekstrarhæfi tónlistarskólans.

8. gr.

Þagmælska starfsfólks og meðferð stjórnsýslumála

- 8.1** Starfsfólk tónlistarskóla skal gæta fyllstu þagmælsku um hagi foreldra og barna þeirra sem það fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi. Brot á þagnarskyldu getur varðað refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum.
- 8.2** Tónlistarskólinn skal fylgja ákvæðum stjórnsýslulaga við töku ákvarðana er varða réttindi og skyldur nemenda í tónlistarskólanum.

9. gr.

Fyrirvari vegna breytinga á lögum

- 9.1.** Verði gerð breyting á lögum nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla eða lögum sem koma í þeirra stað er gerður almennur fyrirvari við samning þennan, ef breytingarnar kalla á endurskoðun á einstökum ákvæðum samnings þessa.

10. gr.

Force Majeure.

- 10.1.** Hvorugur aðili verður talinn hafa brotið gegn samningi þessum, þegar honum er ókleift að uppfylla samningsskyldur sínar vegna atvika, sem rekja má til óviðráðanlegra ytri atvika (force majeure), s.s. vegna alvarlegra slysa, stríðsátaka, náttúruhamfara, deilna á vinnumarkaði, fyrirmæla stjórnvalda eða annarra óvæntra og ófyrirséðra atvika, sem samningsaðilum er ekki unnt að fyrirbyggja.

11. gr.

Fjárhagsleg ábyrgð og framsal

- 11.1.** Reykjavíkurborg ber hvorki lagalega né fjárhagslega ábyrgð á rekstri tónlistarskólans.
- 11.2** Samningsaðila er óheimilt að framselja réttindi sín og/eða skyldur samkvæmt samningi þessum, í heild eða að hluta, nema að fyrirframfengnu skriflegu samþykki hins.

12. gr.

Varnarþing

- 13.1** Komi til þess að mál verði höfðað vegna ágreinings um samning þennan skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

13. gr.

Undirritun

- 14.1.** Samningur þessi er gerður í tveimur (2) samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki. Öllu framangreindu til staðfestu rita til þess bærir fyrirsvarsmenn/fulltrúar aðila nöfn sín hér undir í votta viðurvist.

Fyrirmynd að samningi við tónlistarskóla

Reykjavík, [], 2017.

F.h. Reykjavíkurborgar vegna skóla- og frístundasviðs F.h. [Nafn skóla]
Reykjavíkurborgar.

Vottar að dags. og undirskriftum:

_____ kt _____

_____ kt _____

Viðauki

Reglur Reykjavíkurborgar um þjónustusamninga við tónlistarskóla

Viðauki við þjónustusamning við tónlistarskóla vegna neðri stiga tónlistarnáms

Reykjavíkurborg vegna skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609 annars vegar og [Nafn tónlistarskóla] [kt.] hins vegar, hér eftir tónlistarskólinn, gera með sér svofelldan viðauka við þjónustusamning sömu aðila [dagsetning samnings] auk viðauka sem við hann var gerður [dagsetning samnings]:

1. gr.

Forsendur viðauka

- 1.1. Þjónustusamningur aðila, [dagsetning samnings og viðauka ef við á] og reglur um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla eru órjúfanlegur hluti viðauka þessa.

2. gr.

Framlenging samnings

- 2.1. Reykjavíkurborg tekur ákvörðun um árlegt heildarfjármagn til tónlistarskóla vegna náms á neðri stigum tónlistarnáms og er gildistími samnings aðila [dagsetning samnings og viðauka ef við á] framlengdur frá 1. ágúst 2021 til 31. júlí 2022.

4. gr.

Varnarþing, undirritun ofl.

- 4.1 Viðauki þessi telst vera hluti framangreinds samnings aðila frá [dags. samnings] og gilda sömu ákvæði um uppsögn og endurskoðun samningsins.
- 4.2 Rísi ágreiningur um efni og/eða túlkun samningsaðila á viðaukanum skal reka ágreiningsmál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.
- 4.3 Viðaukasamningur þessi er gerður í tveimur(2) samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki. Öllu framgreindu til staðfestu rita til þess bærir fyrirsvarsmenn/fulltrúar aðila nöfn sín hér í undir í votta viðurvist.

Reykjavík,

F.h. Reykjavíkurborgar
vegna skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

F.h. Nafn tónlistarskólans

Vottar að dags. og undirskriftum:

Nafn og kennitala

Nafn og kennitala

Viðauki

Reglur Reykjavíkurborgar um þjónustusamning við tónlistarskóla

ÞJÓNUSTUSAMNINGUR VIÐ TÓNLISTARSKÓLA VEGNA EFRI STIGA TÓNLISTARNÁMS

Reykjavíkurborg vegna skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609 annars vegar og [Nafn skóla, kennitala skóla] hins vegar, hér eftir tónlistarskólinn, gera með sér svofelldan samning í samræmi við reglur um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla, samþykktar í borgarráði þann 9. febrúar 2017, með síðari breytingum, samkomulag um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms, dags. 3. desember 2018 og reglur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um framlögin, dags. 31. ágúst 2016, sem fylgja sem viðhengi við samning þennan og eru órjúfanlegur hluti hans:

1. gr.

Markmið

- 1.1.** Markmið samningsaðila er að styrkja og efla tónlistarskólanám í Reykjavík.

2. gr.

Fjárframlög

- 2.1.** Reykjavíkurborg miðlar framlagi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna náms á efri stigum tónlistarnáms og er framlag Jöfnunarsjóðs til tónlistarskólans [fjárhæð]kr. á samningstímanum 1. september 2021 til 31. ágúst 2022.
- 2.2** Fjárframlög sem Reykjavíkurborg miðlar frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga eru vegna nemenda, óháð lögheimili þeirra, sem stunda nám í söng á miðstigi, framhaldsstigi og viðbótarnám eftir framhaldsstig og sem stunda nám í hljóðfæraleik á framhaldsstigi og viðbótarnám eftir framhaldsstig (efri stig tónlistarnáms), og greitt er vegna á grundvelli samkomulags, dags. 3. desember 2018, um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms og reglna Jöfnunarsjóðs um framlögin, dags. 31. ágúst 2016.
- 2.3** Tónlistarskólinn nýtir árlegt framlag til greiðslu kennslu- og stjórnunarkostnaðar í samræmi við þann fjölda nemendastunda sem tilgreindur er í samningi þessum og tónlistarskólinn telur sig að lágmarki geta kennt m.v. heildarframlag.
Árlegt framlag breytist í samræmi við ákvæði 2. gr. samkomulags um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms, dags. 3. desember 2018. Reykjavíkurborg tekur við hækkuðum greiðslum frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og reiknar upp framlög til tónlistarskólans.
- 2.4** Gerður er fyrirvari um að miðað er við greitt framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til Reykjavíkurborgar og getur framlagið lækkað verði fjármagn frá Jöfnunarsjóði skert.
- 2.5** Tónlistarskólinn skal innheimta skólagjöld. Skólagjöldum er ætlað að standa undir öðrum kostnaði við skólareksturinn en launakostnaði kennara og skólastjóra, að svo miklu leyti sem rekstrarkostnaðurinn er ekki borinn af styrktarmeðlimum eða annarri fjáröflun.
- 2.6** Tónlistarskólinn ber ábyrgð á að kennsla og önnur starfsemi hans sé í samræmi við þjónustusamning þennan. Skilyrði þess að tónlistarskóli fái fjárframlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga frá Reykjavíkurborg er að hann starfi að fullu samkvæmt reglum um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla, samkomulagi um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms, dags. 3. desember 2018 og reglum Jöfnunarsjóðs um framlögin, dags. 31. ágúst 2016.

- 2.7** Tónlistarskólanum ber að fara eftir kjarasamningum sem Samband íslenskra sveitarfélaga gerir við stéttarfélag tónlistarskólakennara á hverjum tíma. Í þessu felst meðal annars að tónlistarskólanum ber að tryggja að mat á menntun og reynslu tónlistarkennara sé í samræmi við ákvæði kjarasamninga.
- 2.8** Tónlistarskóli sem greiðir fleiri stjórnunarstundir en kjarasamningar kveða á um þarf að skila frávikagreiningu til Reykjavíkurborgar en óheimilt er að nota framlög samkvæmt þjónustusamningnum til greiðslu slíks kostnaðar.
- 2.9** Skilyrði fyrir nýtingu framlags vegna tölvunotkunar tónlistarkennara við kennslu er að fyrir liggi skrifleg beiðni tónlistarskóla um að tónlistarkennari leggi sjálfur til tölvu. Að öðru leyti fer um nýtingu framlags vegna tölvunotkunar tónlistarkennara samkvæmt ákvæðum kjarasamninga. Tónlistarskólinn skal skila í árlegri greinargerð samkvæmt gr. 5.5 í þjónustusamningi þessum, yfirliti yfir notkun tölvu í eigu tónlistarkennara sem greitt er fyrir.
- 2.10** Tónlistarskólanum er heimilt að sækja sérstaklega um aukaframlag vegna viðbótarlaunakostnaðar skólans við afleysingar vegna langtímaforfalla tónlistarkennara, sem ekki hafa náð 70 ára aldri, að loknum samfelldum eins mánaðar forföllum tiltekins kennara, sem staðfest eru með læknisvottorði, og að því gefnu að kennarinn eigi rétt á greiðslu launa í veikindum sínum, til samræmis við gr. 5.11 í reglum um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla.
- 2.11** Framlag skv. gr. 2.1. greiðist með jöfnum mánaðarlegum greiðslum og skal greitt út síðasta virka dag hvers mánaðar (eftirá).

3. gr.

Kennsla og kennslumagn á grundvelli framlags

- 3.1** Kennslumagn á samningstímanum er ákvarðað á grundvelli upplýsinga frá tónlistarskólanum til skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um kennslumagn frá fyrra ári sem var [fjöldi stunda] að teknu tilliti til útreikninga Jöfnunarsjóðs á grundvelli reglna hans.
- 3.2** Tónlistarskólinn kennir að lágmarki [fjöldi stunda] nemendastundir fyrir framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á samningstímanum.
- 3.3** Fjármagn skal að fullu notað til greiðslu kennslu- og stjórnunarkostnaðar og að lágmarki vegna nemendastunda skv. gr. 3.2 í samningi þessum vegna náms á efri stigum tónlistarnáms.
- 3.4** Tónlistarskólinn skal fylgja reglum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um kennslu og nýtingu kennslumagns og reglum um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla þegar reglum Jöfnunarsjóðs sleppir.
- 3.5** Tónlistarskólanum er óheimilt að mismuna nemendum eftir búsetu við inntöku nemenda vegna náms á efri stigum tónlistarnáms.
- 3.6** Framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir komandi skólaár miða við kennslumagn nýliðins skólaárs. Tónlistarskólinn skal skila upplýsingum um kennslu og nýtingu kennslumagns á yfirstandandi skólaári til skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar á videigandi eyðublaði fyrir 1. mars ár hvert.
- 3.7** Samkvæmt reglum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er einungis heimilt að telja með kennslumagn vegna náms á miðstigi í söng hafi viðkomandi nemandi lokið að fullu námi í söng á grunnstigi. Þá má aðeins telja með kennslumagn vegna sama nemanda á miðstigi í söng í fjögur ár samanlagt.
- 3.8** Samkvæmt reglum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er einungis heimilt að telja með kennslumagn vegna náms á framhaldsstigi í söng eða hljóðfæraleik hafi nemandi lokið að fullu námi á miðstigi. Þá má aðeins telja með kennslumagn

- vegna sama nemanda á framhaldsstigi í söng eða hljóðfæraleik í fimm ár samanlagt. Tónlistarskólum ber að afla upplýsinga um námsferil nemenda.
- 3.9** Samkvæmt reglum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er einungis heimilt að telja með kennslumagn vegna viðbótarnáms eftir framhaldsstig í söng eða hljóðfæraleik hafi nemandi lokið námi á framhaldsstigi að fullu. Þá má aðeins telja með kennslumagn vegna sama nemanda í viðbótarnámi eftir framhaldsstig í tvö ár samanlagt.
- 3.10** Tónlistarskólinn upplýsir í starfsáætlun skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar um hversu margar nemendastundir hann getur kennt að lágmarki fyrir áætlað framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem Reykjavíkurborg miðlar.
- 3.11** Tónlistarskólinn ábyrgist að kennsla þeirra nemenda, sem innritaðir eru í skólann, sé í samræmi við lög og reglugerðir og önnur stjórnvaldsfyrirmæli sem áhrif kunna að hafa á rekstur tónlistarskóla. Aðalnámskrá tónlistarskóla skal ávallt liggja til grundvallar náminu, en skólanum er heimilt að leggja áherslu á afmarkaða þætti aðalnámskrárinnar í þeim tilgangi að auka fjölbreytni í tónlistarskólalastarfinu og mæta áhuga nemenda.
- 3.12** Nemendur skulu fá kennslu að lágmarki í samræmi við lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985, aðalnámskrá tónlistarskóla, sbr. auglýsingu nr. 529/2000 og reglur um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla.
- 3.13** Tónlistarskólanum er heimilt að ráðstafa fleiri nemendastundum en fram kemur í grein 3.2 í samningi þessum en aukin þjónusta skólans hefur ekki áhrif á fjárhæð framlags samningsins, sbr. gr. 2.1 samningsins
- 3.14** Sjái tónlistarskólinn sér ekki fært að uppfylla skilyrði um kennsluskyldu eða þjónustu miðað við forsendur þær er fram koma í samningi þessum skal skólinn tilkynna skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar það svo fljótt sem verða má. Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar mun þá endurskoða fjárhæð framlags og lækka framlagið í samræmi við breyttar forsendur.

4. gr.

Umsókn og innritun í tónlistarskóla

- 4.1** Umsókn um nám í tónlistarskóla fer fram í miðlægu innritunarkerfi Reykjavíkurborgar. Tónlistarskólinn ber ábyrgð á að upplýsingar í innritunarkerfi Reykjavíkurborgar um nemendur sem eru í skólanum séu réttar og að þær séu í samræmi við nám þeirra í skólanum.
- 4.2** Tónlistarskólinn skal setja sér inntökureglur og birta á heimasíðu sinni. Tónlistarskólinn skal gæta jafnræðis við inntöku nemenda og skulu aðferðir skólans við mat á umsækjendum vera gagnsæjar og aðgengilegar almenningi á heimasíðu skólans. Kostnaður vegna námsins skal tilgreindur með skýrum og aðgengilegum hætti og vera umsækjendum um nám ljós áður en þeir senda inn umsókn sína.

5. gr.

Upplýsingagjöf og eftirlit skóla- og frístundasviðs

- 5.1** Tónlistarskólinn skilar starfsáætlun eigi síðar en 1. júlí ár hvert samkvæmt leiðbeiningum skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar til samræmis við gr. 12.1 í reglum um þjónustusamninga við tónlistarskóla.
- 5.2** Tónlistarskólinn afhendir að beiðni skóla- og frístundasviðs þegar eftir því er óskað yfirlit yfir kennara og stjórnendur skólans þar sem m.a. komi fram upplýsingar um laun og kennslu hvers og eins auk upplýsinga um áætlaðan nemendafjölda. Ef um samkennslu er að ræða þarf að tilgreina hversu margir nemendur eru í hóp. Upplýsingum skal skilað á því formi sem óskað er eftir af

hálfu skóla- og frístundasviðs hverju sinni, sbr. Tónalaun eða á öðru sambærilegu formi.

- 5.3** Skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar er heimilt að krefja tónlistarskóla um fjárhagsáætlun fyrir tiltekið tímabil samkvæmt leiðbeiningum Reykjavíkurborgar. Með fjárhagsáætlun skal fylgja yfirlit yfir kennara og stjórnendur skólans þar sem m.a. komi fram upplýsingar um laun og kennslu hvers og eins auk upplýsinga um áætlaðan nemendafjölda. Ef um samkenndu er að ræða þarf að tilgreina hversu margir nemendur eru í hóp. Upplýsingum skal skilað á því formi sem óskað er eftir af hálfu Reykjavíkurborgar hverju sinni.
- 5.4** Tónlistarskólinn sendir skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar endurskoðaðan ársreikning um liðið fjárhagsár sem gerður er í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og góða reikningsskilavenju auk skýrslu stjórnar fyrir 1. febrúar ár hvert. Ársreikningur skal gerður á grundvelli skólaársins frá 1. ágúst til 31. júlí Reikningar skulu áritaðir af framkvæmdastjóra (skólastjóra), stjórn félagsins (skólanefnd) og endurskoðendum. Í ársreikningi skulu tekjur af skólagjöldum vegna nemenda á neðri og efri stigum tónlistarnáms sundurgreindar í skýringum þegar við á. Jafnframt skal sundurgreina launakostnað vegna kennslu og stjórnunar sérstaklega vegna neðri og efri stiga tónlistarnáms þegar við á. Sama gildir um aukaframlag vegna langtíma forfalla tónlistarkennara vegna veikinda eða slysa.
- 5.5** Tónlistarskólinn skilar greinargerð til skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar um starfsemi síðasta skólaárs fyrir 1. júlí ár hvert. Í greinargerð komi fram upplýsingar um starfsemi skólans, s.s. fjölda nemenda, fjölda nemenda á biðlista, fjölda kenndra nemendastunda, fjölda kennara og stöðugilda, innritunarreglur og innritunarviðmið, fjölda áfangaprófa, yfirlit yfir eigin tölvunotkun tónlistarkennara, yfirlit yfir tónleika, nýjungar í skólastarfi, upplýsingar um skólagjöld við skólann á mismunandi námsstigum auk afsláttu ef um slíkt er að ræða og annað það sem skólar vilja taka fram eða Reykjavíkurborg óskar eftir.
- 5.6** Tónlistarskólanum er einnig skylt að veita skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar allar aðrar upplýsingar um starfsemi og fjárhag skólans og allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar kunna að vera vegna rannsókna eða úttekta sem skóla- og frístundasvið kann að framkvæma eða láta framkvæma og varða tónlistarfræðslu í Reykjavík.

6. gr.

Vanefndir og leiðréttingar

- 6.1** Komi til vanefnda á þjónustusamningi þessum er heimilt að grípa til hefðbundinna vanefndaúrræða. Sé um verulega vanefnd að ræða er heimilt að grípa til riftunar að undangengnum hæfilegum fresti til úrbóta.
- 6.2** Komi í ljós að skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar hafi ofgreitt framlag til tónlistarskóla af einhverjum ástæðum, t.d. vegna rangra upplýsinga eða mistaka mun skóla- og frístundasvið lækka framlag til skólans við næstu greiðslu sem því nemur eða krefjast endurgreiðslu. Tónlistarskólinn getur óskað eftir því að endurgreiðslu verði dreift á þrjá mánuði.

7. gr.

Gildistími og áskilnaður um rekstrarhæfi

- 7.1.** Samningur þessi gildir til fyrir tímabilið 1. september 2021 til og með 31. ágúst 2022.
- 7.2.** Óski annar hvor aðilinn eftir því að segja samningnum upp fyrr er gagnkvæmur uppsagnarfrestur þrjú mánuðir og miðast við mánaðamót. Tilkynning um uppsögn skal vera skrifleg og afhent með sannanlegum hætti.
- 7.3** Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að ganga úr skugga um rekstrarhæfi tónlistarskóla áður en þjónustusamningur er gerður við skólann og hvenær sem er eftir að slíkur samningur hefur verið gerður ef málefnalegar ástæður eru fyrir hendi. Ef vafi leikur á um rekstrarhæfi tónlistarskóla er Reykjavíkurborg heimilt að hafna samningsgerð við skólann eða eftir atvikum að segja upp gildandi samningi. Til samræmis við lög um ársreikninga nr. 3/2006 skal koma fram í skýrslu stjórnar með ársreikningi ef vafi leikur á um rekstrarhæfi tónlistarskólans.

8. gr.

Þagmælska starfsfólks og meðferð stjórnarsýslumála

- 8.1** Starfsfólk tónlistarskóla skal gæta fyllstu þagmælsku um hagi foreldra og barna þeirra sem það fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi. Brot á þagnarskyldu getur varðað refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum.
- 8.2** Tónlistarskólinn skal fylgja ákvæðum stjórnarsýslulaga við töku ákvarðana er varða réttindi og skyldur nemenda í tónlistarskólanum.

9. gr.

Fyrirvari vegna breytinga á lögum

- 9.1.** Verði gerð breyting á lögum nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, samkomulagi um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms, dags. 3. desember 2018 eða reglum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um framlögin, dags. 31. ágúst 2016 er gerður almennur fyrirvari við samning þennan, ef breytingarnar kalla á endurskoðun á einstökum ákvæðum samnings þessa.

10. gr.

Force Majeure.

- 10.1.** Hvorugur aðili verður talinn hafa brotið gegn samningi þessum, þegar honum er ókleift að uppfylla samningsskyldur sínar vegna atvika, sem rekja má til óviðráðanlegra ytri atvika (force majeure), s.s. vegna alvarlegra slysa, stríðsátaka, náttúruhamfara, deilna á vinnumarkaði, fyrirmæla stjórnvalda eða annarra óvæntra og ófyrirséðra atvika, sem samningsaðilum er ekki unnt að fyrirbyggja.

11. gr.

Fjárhagsleg ábyrgð og framsal

- 11.1.** Reykjavíkurborg ber hvorki lagalega né fjárhagslega ábyrgð á rekstri tónlistarskólans.

- 11.2** Samningsaðila er óheimilt að framselja réttindi sín og/eða skyldur samkvæmt samningi þessum, í heild eða að hluta, nema að fyrirframfengnu skriflegu samþykki hins.

13. gr.
Varnarþing

- 31.1** Komi til þess að mál verði höfðað vegna ágreinings um samning þennan skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

14. gr.
Undirritun

- 14.1.** Samningur þessi er gerður í tveimur (2) samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki. Öllu framangreindu til staðfestu rita til þess bærir fyrirvarsmenn/fulltrúar aðila nöfn sín hér undir í votta viðurvist.

Reykjavík XXXX 2021.

F.h. Reykjavíkurborgar
vegna skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar

F.h. XXXXXXXXX

Vottar að dags. og undirskriftum:

_____ kt _____

_____ kt _____

Viðauki I

Reglur um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla, samþykktar í borgarráði þann 9. febrúar 2017, með síðari breytingum.

Samkomulag um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms, dags. 3. desember 2018.

Reglur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um framlögin, dags. 31. ágúst 2016.

Reglur um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla

1. gr. Gildissvið

Reglur þessar gilda um:

- 1.1** Þjónustusamninga, sem Reykjavíkurborgar gerir við tónlistarskóla í Reykjavík vegna nemenda með lögheimili í Reykjavík sem stunda fornám, grunnnám og miðnám á hljóðfæri og fornám og grunnnám í söng (neðri stig tónlistarnáms), sbr. lög nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla og aðalnámskrá tónlistarskóla, sbr. auglýsingu nr. 529/2000, og úthlutun fjármagns á grundvelli þeirra.
- 1.2** Þjónustusamninga, sem Reykjavíkurborg gerir við tónlistarskóla í Reykjavík vegna nemenda sem stunda nám í söng á miðstigi, framhaldsstigi og viðbótarnám eftir framhaldsstig og sem stunda nám í hljóðfæraleik á framhaldsstigi og viðbótarnám eftir framhaldsstig (efri stig tónlistarnáms), og greitt er vegna á grundvelli samkomulags, dags. 3. desember 2018, um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms og reglna Jöfnunarsjóðs, dags. 31. ágúst 2016, um framlögin.
- 1.3** Áður en þjónustusamningur er gerður við tónlistarskóla skal eftirfarandi liggja fyrir:
 - 1.3.1** Sérstakt samþykki mennta- og menningarmálaráðuneytis sbr. lög nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.
 - 1.3.2** Samþykktir fyrir tónlistarskóla, þar sem fram kemur rekstrarform, stjórn, og fjármögnun, undirritaðar af stjórn eða skólanefnd skólans.
 - 1.3.3** Þriggja ára fjárhagsáætlun skólans eða fjárhagsáætlun til jafn langs tíma og þjónustusamningur nær til.
 - 1.3.4** Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að ganga úr skugga um rekstrarhæfi tónlistarskóla áður en þjónustusamningur er gerður við skólann og hvenær sem er eftir að slíkur samningur hefur verið gerður ef málefnalegar ástæður eru fyrir hendi. Ef vafi leikur á um rekstrarhæfi tónlistarskóla er Reykjavíkurborg heimilt að hafna samningsgerð við skólann eða eftir atvikum að segja upp gildandi samningi. Til samræmis við lög um ársreikninga nr. 3/2006 skal koma fram í skýrslu stjórnar með ársreikningi ef vafi leikur á um rekstrarhæfi sbr. gr. 12.4 í reglum þessum.

2. gr. Skilgreiningar á hugtökum

- 2.1** Með tónlistarskóla í reglum þessum er átt við tónlistarskóla eins og hann er skilgreindur í 1. gr. laga nr. 75/1985.
- 2.2** Með neðri stigum tónlistarnáms í reglum þessum er átt við fornám, grunnnám og nám á miðstigi í hljóðfæraleik og fornám og grunnnám í söng. Fjárhagslegur stuðningur Reykjavíkurborgar er bundinn við nemendur í framangreindu námi með lögheimili í Reykjavík.

- 2.3** Með efri stigum tónlistarnáms í reglum þessum er átt við nám í söng á miðstigi, framhaldsstigi og viðbótarnám eftir framhaldsstig og nám í hljóðfæraleik á framhaldsstigi og viðbótarnám eftir framhaldsstig. Reykjavíkurborg leggur ekki til fjármuni vegna framangreinds náms heldur miðlar framlagi úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á grundvelli samkomulags, dags. 3. desember 2018, um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms. Ekki er gerð krafa um að nemendur hafi lögheimili í Reykjavík.
- 2.4** Með nemendastundum í reglum þessum er átt við allar kennslustundir í aðalnámsgrein, meðleik og aukanámsgreinum auk stjórnunarstunda skv. kjarasamningum, umreiknuðum yfir í kennslustundir í grunnnámi.
- 2.5** Jafngildi grunnstignemanda í fullu námi er í reglum þessum talið 38 nemendastundir á ári.

3. gr.

Markmið

- 3.1** Markmið reglna þessara er:
- 3.1.1** Að stuðla að góðu, faglegu, vel skipulögðu og fjölbreyttu námi á neðri og efri stigum tónlistarnáms í Reykjavík.
- 3.1.2** Að stuðla að því að hjá tónlistarskólum í Reykjavík starfi fagfólk, sem hefur menntun og hæfni til að sinna kennslu í tónlistarnámi.
- 3.1.3** Að stuðla að því að tónlistarskólar í Reykjavík séu sýnilegt og lifandi afl í nærumhverfi sínu.

4. gr.

- 4.1** Í þjónustusamningi Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla skal að minnsta kosti fjalla um fjárframlag til tónlistarskóla og kennslumagn, skilyrði framlags til tónlistarskóla, skilyrði um kennslu og kennslumagn tónlistarnáms, umsókn og innritun í tónlistarskóla, upplýsingagjöf og eftirlit, vanefndir á þjónustusamningi, leiðréttingar á fjárframlagi og samningstíma.

5. gr.

Um fjárframlag til tónlistarskóla

- 5.1** Reykjavíkurborg ber hvorki lagalega né fjárhagslega ábyrgð á rekstri þeirra tónlistarskóla sem gert hafa þjónustusamning við Reykjavíkurborg.
- 5.2** *Fjárframlag vegna nemenda á neðri stigum tónlistarnáms:* Reykjavíkurborg tekur ákvörðun um árlegt heildarfjármagn og kennslumagn til tónlistarskóla vegna náms á neðri stigum tónlistarnáms. Heildarframlög til skólanna ráðast af árlegum fjárhagsramma skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og geta framlög til skólanna tekið breytingum milli ára. Alla jafna er tekið tillit til gildandi úthlutunar við úthlutun fjármagns til tónlistarskóla. Þess skal getið í kynningarefni skólans að hann njóti framlaga frá Reykjavíkurborg.

- 5.3** *Fjárframlag vegna nemenda á efri stigum tónlistarnáms:* Reykjavíkurborg miðlar framlagi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna náms á efri stigum tónlistarnáms, sbr. gr. 2.3 reglna þessara. Um úthlutun, miðlun og nýtingu framlags Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga gilda ákvæði samkomulags, dags. 3. desember 2018, um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms og reglur Jöfnunarsjóðs, dags. 31. ágúst 2016, og ákvæði reglna þessara.
- 5.4** Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar greiðir tónlistarskólum fjárframlag í samræmi við þjónustusamninga, sbr. gr. 1.1 í reglum þessum og miðlar framlagi úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga í samræmi við þjónustusamninga, sbr. gr. 1.2 í reglum þessum.
- 5.5** *Um fjárframlag vegna nemenda á neðri og efri stigum tónlistarnáms:*
- Bein fjárframlög Reykjavíkurborgar til tónlistarskóla eru einungis vegna nemenda með lögheimili í Reykjavík og falla utan samkomulags ríkis og sveitarfélaga frá 3. desember 2018 um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda. Á meðan framangreint samkomulag er í gildi leggur Reykjavíkurborg ekki til fé til tónlistarskóla umfram framlag ríkisins vegna þeirra nemenda sem falla undir samkomulagið. Verði samkomulagið hvorki framlengt né endurskoðað að gildistíma liðnum mun Reykjavíkurborg taka afstöðu til þess hvort gera eigi þjónustusamninga við tónlistarskóla um framlög vegna þeirra nemenda sem féllu undir samkomulagið og þá aðeins vegna nemenda með lögheimili í Reykjavík.
- 5.6** Tónlistarskóli nýtir árlegt framlag til greiðslu kennslu- og stjórnunarkostnaðar í samræmi við þann fjölda nemendastunda sem tilgreindar eru í samningi við hann og skólarnir telja sig að lágmarki geta kennt m.v. heildarframlag.
- 5.7** Tónlistarskólar skulu innheimta skólagjöld. Skólagjöldum er ætlað að standa undir öðrum kostnaði við skólareksturinn en launakostnaði kennara og skólastjóra, að svo miklu leyti sem rekstrarkostnaðurinn er ekki borinn af styrktarmedlimum eða annarri fjáröflun.
- 5.8** Tónlistarskólar bera ábyrgð á að kennsla og önnur starfsemi þeirra sé í samræmi við gildandi þjónustusamning. Skilyrði þess að tónlistarskóli fái fjárframlag Reykjavíkurborgar og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er að hann starfi að fullu samkvæmt þessum reglum.
- 5.9** Tónlistarskólum ber að fara eftir kjarasamningum sem Samband íslenskra sveitarfélaga gerir við stéttarfélög tónlistarskólakennara á hverjum tíma, þ.m.t. ábyrgð á réttu og samræmdu mati menntunar og reynslu tónlistarkennara í samræmi við ákvæði kjarasamnings.
- 5.10** Tónlistarskóli sem greiðir fleiri stjórnunarstundir en kjarasamningar kveða á um þarf að skila frávikagreiningu til Reykjavíkurborgar en hvorki fjármagn frá Reykjavíkurborg né Jöfnunarsjóði sveitarfélaga skal nota til greiðslu þess kostnaðar.

5.11 Tónlistarskóla er heimilt að sækja sérstaklega um aukaframlag vegna viðbótarlaunakostnaðar skólans við afleysingar vegna langtímaforfalla tónlistarkennara sem ekki hafa náð 70 ára aldri, að loknum samfelldum eins mánaðar forföllum kennarans, sem staðfest eru með læknisvottorði og að því gefnu að tónlistarkennarinn eigi rétt á greiðslu launa í veikindum sínum. Umsóknarfrestur um aukaframlag er til 1. júní vegna yfirstandandi skólaárs. Ekki er greitt aukaframlag vegna viðbótarlaunakostnaðar vegna langtímaveikinda tónlistarkennara sem náð hafa 70 ára aldri.

6. gr.

Ákvörðun um breytingu á úthlutun fjárframlags

- 6.1** Skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar gerir tillögu til borgarráðs um gerð þjónustusamnings við nýja tónlistarskóla, s.s. í nýjum hverfum, hverfum sem eru í vexti eða þegar starfandi tónlistarskóli hættir rekstri. Í þessum tilvikum skal Reykjavíkurborg auglýsa eftir aðilum sem áhuga hafa á að reka tónlistarskóla eða setja upp útibú frá starfandi skóla.
- 6.2** Ef tónlistarskóli hættir eða umtalsverð fækkun verður á kenndum stundum í tilgreindum skólum er heimilt að úthluta samsvarandi stundum til annarra skóla. Miða skal við að beina kennslumagni einkum í þau hverfi sem eru í vexti með tilliti til barnafjölda eða þar sem fá tækifæri eru til tónlistarnáms.
- 6.3** Skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar getur veitt tónlistarskóla undanþágu frá lágmarksfjölda nemenda (150) eða ígildi þess ef um er að ræða borgarhluta sem skortir slíka þjónustu að mati skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, nýjungar í starfi eða faglega þróun sem talin er þörf á að styrkja, s.s. fyrir nemendur sem þurfa sérstakan stuðning Tillögu um slíkt skal leggja fyrir skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar.

7. gr.

Skilyrði um kennslu og kennslumagn á neðri stigum tónlistarnáms

- 7.1** Tónlistarskóli sem Reykjavíkurborg gerir þjónustusamning við skal uppfylla eftirtalin skilyrði og markmið um kennslu og kennslumagn vegna neðra stiga tónlistarnáms:
- 7.1.1** Tónlistarskóli skal leitast við að kenna hverjum nemanda í fullu námi að jafnaði eina klukkustund á viku í aðalnámsgrein, auk hliðargreina, á starfstíma tónlistarskólans samkvæmt kjarasamningi.
- 7.1.2** Aðalnámskrá tónlistarskóla skal ávallt liggja til grundvallar náminu, en skólanum er heimilt að leggja áherslu á afmarkaða þætti aðalnámskrárinnar í þeim tilgangi að auka fjölbreytni í tónlistarskólastarfinu og mæta áhuga nemenda.
- 7.1.3** Fjármagn skal að fullu notað vegna kennslu- og stjórnunarkostnaðar.

7.1.4 Tónlistarskóla er heimilt að sækja um að fjárframlög úr borgarsjóði vegna samþykkt kennslumagns á neðri stigum tónlistarnáms verði nýtt með öðrum hætti en að framan greinir, en þó aðeins þannig að breytingin leiði til fjölgunar nemenda, enda fái hver nemandi í fullu námi a.m.k. eina klukkustund á viku í aðalnámsgrein sinni þar sem kennsla fer fram í smærri eða stærri hópum auk hliðargreina. Skólinn skal gera grein fyrir nýtingu fjármagns á grundvelli breytts fyrirkomulags kennslu og áhrifum þess í starfsáætlun og greinargerð.

7.1.5 Áhersla er lögð á að tónlistarskólar leiti eftir samstarfi við grunnskóla Reykjavíkurborgar um kennslu yngri nemenda á skólatíma eða í beinu framhaldi af honum. Skriflegt samþykki foreldra nemenda þarf til að taka nemendur út úr kennslutímum grunnskóla til iðkunar tónlistarnáms.

8. gr.

Skilyrði um kennslu og kennslumagn á efri stigum tónlistarnáms

- 8.1** Á grundvelli samkomulags ríkis við Samband íslenskra sveitarfélaga, dags. 3. desember 2018, um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms greiðir ríkið framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til greiðslu kennslukostnaðar í tónlistarskólum vegna náms í hljóðfæraleik á framhaldsstigi og náms í söng á miðstigi og framhaldsstigi auk viðbótarnáms eftir framhaldsstig. Reykjavíkurborg tekur við framlagi vegna tónlistarnáms á efri stigum frá Jöfnunarsjóði, stýrir aðgengi að náminu og nýtingu kennslumagns með gerð þjónustusamninga og greiðir áfram til tónlistarskóla á grundvelli samkomulags og reglna um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til stuðnings við tónlistarnám og jöfnunar á aðstöðumun nemenda og að teknu tilliti til málefnalegra sjónarmiða þegar þeim reglum sleppir.
- 8.2** Í þjónustusamningi við tónlistarskóla vegna kennslu á efri stigum tónlistarnáms skal tilgreina heildarframlag á skólaárinu úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga sem kemur í hlut skólans vegna þess kennslumagns sem fellur undir samkomulag og ríkis og Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 3. desember 2018 og reglur Jöfnunarsjóðs um framlögin. Sömuleiðis skal tilgreina það kennslumagn sem miðað er við í útreikningi framlags, sem byggir á upplýsingum frá skólum til Reykjavíkurborgar og Jöfnunarsjóðs frá fyrra ári. Enn fremur skal tilgreina það lágmarkskennslumagn sem skólanum er ætlað að uppfylla. Fjármagn skal að fullu notað vegna kennslu- og stjórnunarkostnaðar vegna náms á efri stigum tónlistarnáms.
- 8.3** Tónlistarskóli skal fylgja reglum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um kennslu og nýtingu kennslumagns og þessum reglum þegar reglum Jöfnunarsjóðs sleppir.

9. gr.

Skilyrði um kennslu og kennslumagn á neðri og efri stigum tónlistarnáms

9.1 Tónlistarskóli þarf að jafnaði að hafa a.m.k. 150 nemendur eða ígildi þess fjölda á grunnstigi, sem stunda nám til viðurkenndra áfangaprófa samkvæmt aðalnámskrá tónlistarskóla. Skóli er ekki skyldugur til að hafa 150 reykvíska nemendur, heldur einungis að hafa 150 nemendur í styrkhæfu námi að mati Reykjavíkurborgar.

9.2 Tónlistarskólanum er heimilt að ráðstafa fleiri nemendastundum en fram kemur í þjónustusamningi en aukin þjónusta skólans hefur ekki áhrif á fjárhæð framlags.

9.3 Tónlistarskóli sem velur að kenna fleiri nemendastundir en þjónustusamningur kveður á um skal gera grein fyrir því og með hvaða hætti það hefur áhrif á það kennslumagn sem hverjum nemanda býðst.

9.4 Skólaári skal ljúka með prófum og opinberum tónleikum.

10. gr.

Kaup á viðbótarþjónustu

10.1 Skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar getur samkvæmt nánari reglum tekið ákvörðun um og lagt til við borgarráð að keypt verði viðbótarþjónustu af ákveðnum tónlistarskólum. Rökstyðja skal slíka ákvörðun.

11. gr.

Umsókn og innritun í tónlistarskóla

11.1 Umsókn um nám í tónlistarskóla fer fram í miðlægu innritunarkerfi Reykjavíkurborgar.

12. gr.

Upplýsingagjöf og eftirlit

12.1 Tónlistarskóli gerir starfsáætlun samkvæmt leiðbeiningum skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og sendir Reykjavíkurborg eigi síðar en 1. júlí ár hvert.

12.2 Tónlistarskóli afhendir skóla- og frístundasviði þegar eftir því er óskað yfirlit yfir kennara og stjórnendur skólans þar sem m.a. komi fram upplýsingar um laun og kennslu hvers og eins auk upplýsinga um áætlaðan nemendafjölda.

12.3 Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur getur krafist tónlistarskóla um fjárhagsáætlun fyrir tiltekið tímabil samkvæmt leiðbeiningum Reykjavíkurborgar.

12.4 Tónlistarskóli sendir skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar endurskoðaðan ársreikning um liðið fjárhagsár sem gerður er í samræmi við lög um ársreikninga og góða reiknisskilavenju auk skýrslu stjórnar að fyrir 1. febrúar ár hvert. Ársreikningur skal gerður á grundvelli skólaársins frá 1. ágúst til 31. júlí.

12.5 Tónlistarskóli skilar greinargerð um starfsemi síðasta skólaárs samkvæmt leiðbeiningum skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar fyrir 1. júlí ár hvert.

- 12.6** Tónlistarskóli skilar til skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar upplýsingum um kennslu og nýtingu kennslumagns á efri stigum tónlistarnáms vegna yfirstandandi skólaárs á viðeigandi eyðublaði fyrir 1. mars ár hvert.
- 12.7** Reykjavíkurborg getur hvenær sem er látið gera stjórnsýsluúttekt á tónlistarskólum.

13. gr.

Menntun skólastjórna og kennara

- 13.1** Stjórn/skólanefnd tónlistarskóla ræður skólastjóra.
- 13.2** Menntun skólastjóra skal vera tónlistarskólakennari III samkvæmt kjarasamningum við tónlistarkennara hið minnsta og framhaldsmenntun á sviði tónlistar eða stjórnunar er æskileg.
- 13.3** Alla jafna er gert ráð fyrir því að starf skólastjóra sé fullt starf.
- 13.4** Minnst 80% kennara í hverjum tónlistarskóla skulu hafa réttindi tónlistarskólakennara III samkvæmt kjarasamningum við tónlistarkennara.

14. gr.

Samningstími

- 14.1** Þjónustusamningur Reykjavíkurborgar við nýjan tónlistarskóla skal gerður til eins árs í senn.
- 14.2** Eftir þriggja ára starfstíma tónlistarskóla er heimilt að gera þjónustusamning til allt að þriggja ára í senn en þó með þeim fyrirvara að framlag Reykjavíkurborgar geti lækkað verði árlegur fjárhagsrammi skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar eða fjárheimildir Jöfnunarsjóðs skertar. Stefnt skal að því að endurskoðun þjónustusamnings með þriggja ára gildistíma eigi sér stað hálfu ári áður en hann fellur úr gildi.

15. gr.

Vanefndir á þjónustusamningi

- 15.1** Ef rökstuddur grunur er um að tónlistarskóli standist ekki kröfur sem gerðar eru í lögum nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla eða lögum sem koma í þeirra stað, aðalnámskrá tónlistarskóla, reglum um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til stuðnings við tónlistarnám og jöfnunar á aðstöðumun nemenda og reglum þessum getur skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar stöðvað greiðslur og farið fram á endurstaðfestingu mennta- og menningarmálaráðuneytis.
- 15.2** Berist endurskoðaður ársreikningur tónlistarskóla ekki á tilsettum tíma, sbr. gr. 12.4 í reglum þessum, getur skóla- og frístundasvið stöðvað greiðslur til skólans. Sama gildir ef starfsáætlun tónlistarskóla fyrir næsta skólaár, sbr. gr. 12.1 í reglum þessum og/eða

greinargerð um skólastarf síðasta skólaárs, sbr. gr. 12.5 í reglum þessum, berast ekki á tilsettum tíma.

16. gr. Gildistaka

16.1 Reglur þessar eru settar samkvæmt 2. gr. laga nr. 75/1985, um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, ákvæðum samkomulags ríkis og Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 3. desember 2018 um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms og reglum um framlög Jöfnunarsjóðs um framlögin frá 31. ágúst 2016. Reglur þessar taka gildi við samþykkt borgarráðs. Frá sama tíma falla úr gildi reglur samþykktar af borgarráði þann 29. maí 2012 um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla.

Ákvæði til bráðabirgða

Ákvæði 2. mgr. í gr. 5.11 um að ekki sé greitt aukaframlag vegna langtímaveikinda tónlistarkennara sem náð hefur 70 ára aldri, tekur gildi frá 1. september 2017.

Síðasti málsliður í ákvæði 8.2 um að fjármagn skuli að fullu notað vegna kennslu- og stjórnunarkostnaðar á ekki við um samninga vegna efri stiga vegna skólaársins 2016 – 2017 ef tónlistarskóli hefur fengið bættan neikvæðan mismun kennslumagns á grundvelli upplýsinga frá vori 2014 og vori 2016. Nánar skal kveðið á um skilyrði á nýtingu fjármagns í samningi við þá tónlistarskóla sem í hlut eiga.

Ákvæði 9.1 á ekki við vegna skólaársins 2016 – 2017 gagnvart þeim tónlistarskólum sem gerður var þjónustusamningur við árið 2012.

Ákvæði 9.1 á ekki við vegna skólaáranna 2017 – 2018, 2018 – 2019, 2019 – 2020 og 2020 – 2021 gagnvart þeim tónlistarskólum sem gerður var þjónustusamningur við vegna tímabilsins 1. september 2016 til 31. ágúst 2017.

Varðandi ákvæði 12.4, síðari málslið, gildir að fram að skólaárinu 2019-2020 er tónlistarskólum sem gert hafa samning við Reykjavíkurborg heimilt að hafa sama uppgjörstímabil og áður en þeim ber að tilkynna skóla- og frístundasviði um það val. Skil á ársreikningum skal vera eigi síðar en sex mánuðum eftir að fjárhagsári lýkur. Ársreikningur tónlistarskóla skal vera endurskoðaður frá og með árinu 2018 og gildir þannig um gerð ársreiknings vegna ársins 2017.

Samþykkt í skóla- og frístundaráði þann 25. janúar 2017 og í borgarráði þann 9. febrúar 2017, sbr. breytingar samþykktar í skóla- og frístundaráði 3. maí 2017 og í borgarráði þann 11. maí 2017 og breytingar samþykktar í skóla- og frístundaráði þann 9. september 2020 og í borgarráði þann 17. september 2020.

Mennta- og menningarmálaráðherra, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga, f.h. sveitarfélaga, (til samans nefndir aðilar) gera með sér eftirfarandi:

Samkomulag um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms

1. gr.

Markmið

Aðilar eru sammála um að gera nemendum kleift að stunda hljóðfæranám á framhaldsstigi og söngnám á mið- og framhaldsstigi óháð búsetu.

Markmiðum þessum verður náð m.a. með því að ríkissjóður greiðir árlegt framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga til greiðslu kennslukostnaðar nemenda í framhaldsnámi í hljóðfæraleik og söng ásamt miðnámi í söng, og annarra nemenda sem þurfa af gildum ástæðum að sækja tónlistarskóla utan lögheimilissveitarfélags skv. nánari skilyrðum sem sett eru í reglum sem samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra gefur út.

2. gr.

Fjárstuðningur ríkisins við tónlistarnám á vegum sveitarfélaga

Ríkissjóður greiðir árlegt styrktarframlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem renna skal til greiðslu kennslukostnaðar í samræmi við markmið 1. gr., að meðtöldu álagi fyrir stjórnunarkostnað, langtímaforföll, hljóðfæragjald og tengdan kostnað, að fjárhæð 545,3 m.kr. árið 2018. Styrktarframlagið er af málefnasviði 20 – Framhaldsskólastig, málaflokki 20.20 – Tónlistarfræðsla. Styrktarframlagið tekur breytingum skv. almennri verðlagsuppfærslu fjárlaga hverju sinni og er notuð tilfærslureglan 85-15, þ.e. launauppfærsla er 85% og verðlagsuppfærsla 15%. Styrktarframlag samkomulags þessa tekur fyrstu verðlagsuppfærslu 2018/2019.

Á móti styrktarframlagi ríkisins samkvæmt samkomulagi þessu skuldbinda sveitarfélög sig til að taka yfir verkefni frá ríki sem nemur 230 m.kr. á ársgrundvelli, sbr. viðauka við samkomulag þetta. Sömu reglur gilda gagnvart verðlagsuppfærslu skuldbindingar þeirrar fjárhæðar og getið er hér að ofan gagnvart styrktarframlaginu. Jafnframt munu breytingar á fjárhæðum í samkomulagi þessu sem rekja má til ákvæða 6. gr. breyta fjárhæðum í viðauka með sambærilegum hætti.

Sveitarfélög skulu tryggja að framlag skv. 1. mgr. 2. gr. renni, án tillits til búsetu, til kennslu þeirra nemenda sem innritaðir eru í viðurkennda tónlistarskóla. Sveitarfélög skulu jafnframt tryggja að nemendur sem njóta framlags greiði ekki annað en skólagjöld til viðkomandi tónlistarskóla. Sveitarfélög skulu stýra aðgengi að náminu og nýtingu kennslumagns með gerð þjónustusamninga við þá tónlistarskóla sem ekki eru reknir af sveitarfélögum.

3. gr.

Reglur

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra setur nánari ákvæði um úthlutun framlags skv. 2. gr., skilyrði um námsframvindu nemenda og upplýsingaskyldu sveitarfélaga og tónlistarskóla í reglum sem samdar eru í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga. Þar skal áskilið að þeir nemendur í framhaldsnámi sem stuðnings njóta skv. samkomulagi þessu hafi lokið miðnámi að fullu í aðalgrein og aukánámsgreinum. Einnig er heimilt að skilgreina í reglunum í hvaða tilvikum og með hvaða skilyrðum er heimilt að greiða framlag vegna nemenda sem hafa lokið námi á framhaldsstigi.

Í reglunum skal kveðið á um skiptingu þess kennslumagns sem Jöfnunarsjóður sveitarfélaga hefur til ráðstöfunar á landsvísu. Við þá skiptingu er heimilt að leggja til grundvallar fyrirliggjandi upplýsingar

hjá Jöfnunarsjóði um skiptingu kennslumagns milli sveitarfélaga á síðustu tveimur árum. Framlag til einstakra tónlistarskóla skal aldrei nema hærri fjárhæð en útlögðum kennslukostnaði og öðrum kostnaði skv. 1. mgr. 2. gr. en þó er heimilt að setja í reglur ákvæði um tímabundna afkomutryggingu til að bregðast við breyttum aðstæðum.

Í reglunum er jafnframt heimilt að kveða á um framlög til sveitarfélaga vegna nemenda í tónlistarnámi sem ekki falla undir 1. mgr. en þurfa af gildum ástæðum að sækja tónlistarskóla utan lögheimilissveitarfélags.

4. gr.

Réttindi nemenda

Á grundvelli samkomulags þessa tryggja sveitarfélög að nemendur sem uppfylla inntökuskilyrði tónlistarskóla og reglur um námsframvindu geti stundað tónlistarnám á framhaldsstigi í hljóðfæraleik og á mið- og framhaldsstigi í söng án tillits til búsetu. Samkomulag þetta hefur ekki áhrif á rétt tónlistarskóla til að krefja nemendur um skólagjöld skv. gildandi lögum.

5. gr.

Samráðsnefnd

Til að fylgjast með framkvæmd samkomulagsins tilnefna aðilar fulltrúa í 5 manna samráðsnefnd sem fundar að lágmarki árlega og oftast ef þörf krefur. Samráðsnefndin skal skipuð tveimur fulltrúum mennta- og menningarmálaráðuneytis, tveimur fulltrúum Sambands íslenskra sveitarfélaga og einum fulltrúa samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis.

Á reglulegum fundum samráðsnefndarinnar leggur Jöfnunarsjóður sveitarfélaga fram upplýsingar um þróun nemendafjölda, kennslumagns og einingaverða og aðrar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að meta framkvæmd samkomulagsins og þar með talið framkvæmd einstakra verkefna sem kveðið er á um í viðauka. Samráðsnefndin tekur árlega formlega afstöðu til þeirra verkefna sem tilgreind eru í viðauka við samkomulag þetta og skiptingu fjár þeirra á milli. Ef um breytingar er að ræða þá skilar samráðsnefndin tillögugerð þar um til aðila samkomulags þessa til staðfestingar. Jafnframt fjallar samráðsnefndin um álitafni sem snúa að túlkun samkomulagsins og reglna sem settar eru á grundvelli þeirra. Samráðsnefndin skilar árlegri skilagrein til mennta- og menningarmálaráðuneytis um framkvæmd verkefnisins. Samráðsnefndin getur gert tillögur um viðbrögð við álitamálium sem upp geta komið vegna atvika sem ófyrirséð eru við gerð þessa samkomulags.

Aðilar geta óskað eftir því að samráðsnefndin komi saman þegar tilefni er til, svo sem ef upp koma aðstæður sem fjallað er um í 6. gr.

Nefndin setur sér nánari starfsreglur.

6. gr.

Lagabreytingar, forsendur og fyrirvari

Samkomulag þetta er gert skv. 1. mgr. 40. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015. Framlög ríkisins eru með fyrirvara um fjárheimildir til verkefnisins í málaflokki 20.20 í fjárlögum.

Verði gerð breyting á fjárheimildum til málaflokks 20.20 í fjárlögum geta aðilar tekið upp viðræður í samráðsnefnd um aðlögun verkefnisins að breyttri fjárveitingu. Jafnframt geta aðilar óskað eftir viðræðum um áhrif lagabreytinga og annarra breytinga á ytri aðstæðum sem haft geta áhrif á markmið og framkvæmd samkomulagsins.

Gerður er fyrirvari um að stjórnvöld kunna að ákveða aðhaldsaðgerðir við samþykkt fjárlaga og á Samband íslenskra sveitarfélaga ekki kröfu á ríkissjóð eða rétt á bótum þótt framlag til samningsins verði lækkað eða það fellt niður en veruleg breyting getur þó veitt rétt til uppsagnar samkomulagsins.

 2

Séu gerðar almennar aðhaldskröfur af hálfu ríkisins til málaflokks 20.20 er heimilt að gera sömu kröfur til aðhalds í rekstri verkefna sem falla undir samkomulag þetta.

Samkomulag þetta felur ekki í sér breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga skv. lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, nr. 75/1985. Fjárhagsleg ábyrgð ríkisins vegna verkefnisins takmarkast við þá fjárhæð sem fram kemur í samkomulagi þessu. Fjárstuðningur ríkisins skv. 2. gr. er óháður útgjöldum sveitarfélaga vegna reksturs tónlistarskóla og tekur ekki breytingum í samræmi við þau. Kjósi sveitarfélag að auka kennslumagn umfram úthlutun úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga ber það sjálft þann viðbótarkostnað sem af því leiðir.

7. gr.

Gildistími, greiðslur og endurskoðun

Gildistími samkomulagsins er frá 1. janúar 2019 til 31. desember 2021. Árlegt styrktarframlag er greitt til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í tólf jöfnum hlutum fyrsta dag hvers mánaðar. Greitt er inn á bankareikning viðskiptabanka Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga enda uppfyllir samningshafi öll skilyrði og kröfur sem samningur þessi kveður á um.

Ákveði aðilar að segja samkomulaginu upp skal tilkynning um uppsögn send með sannanlegum hætti fyrir 1. febrúar á því ári sem samkomulagið gengur úr gildi.

Viðræður um framlengingu samkomulagsins skulu hefjast eigi síðar en 1. nóvember 2020 og vera lokið eigi síðar en 1. apríl 2021. Hafi ekki náðst niðurstaða um nýtt samkomulag fyrir þann tíma framlengist samkomulagið sjálfkrafa um eitt ár enda hafi því ekki verið sagt upp skv. 2. mgr. þessarar greinar.


Reykjavík, 3. desember 2018.

F.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga


Formaður

Framkvæmdastjóri


Mennta- og menningarmálaráðherra



Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra



Fjármála- og efnahagsráðherra



MZ
3
WDA

**Viðauki við samkomulag um stuðning við tónlistarnám og
jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms.**

Tímabundin tilfærsla verkefna til sveitarfélaga frá ríki.

Sveitarfélög skuldbinda sig til, á grundvelli samkomulags um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms, að taka tímabundið við verkefnum frá ríki á gildistíma samkomulagsins að fjárhæð 230 m.kr. auk verðlagsuppfærslu frá og með 2018/2019, samanber ákv. 2. greinar samkomulagsins.

Á árinu 2018 er um að ræða eftirtalin verkefni;

a.	Endurmenntunarsjóður grunnskóla	49,1
b.	Námshagsjóður	59,8
c.	Reykjadalur	32,3
d.	Vistheimilið Bjarg	78,5
e.	Tölvumiðstöð fatlaðra	10,3
	Samtals	230,0 m.kr.

Gert er ráð fyrir að útgjöld til verkefna samkvæmt þessari grein skiptist jafnt milli sveitarfélaga í hlutfalli við íbúafjölda og að Jöfnunarsjóði sveitarfélaga verði falið að standa skil á greiðslum sveitarfélaga með því að draga kostnað hvers sveitarfélags frá framlögum sjóðsins.

Á samningstímanum geta orðið breytingar og tilfærslur innan þess ramma sem greinin kveður á um á grundvelli tillögugerðar samráðsnefndar sem getið er í 5. grein samkomulagsins og að fenginni staðfestingu aðila samkomulagsins.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including a large signature and the number 4.

REGLUR

um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til stuðnings við tónlistarnám og jöfnunar á aðstöðumun nemenda.

1. gr.

Gildissvið og markmið.

Reglur þessar gilda um úthlutun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á styrktarframlagi úr ríkissjóði til sveitarfélaga vegna kennslukostnaðar í tónlistarskólum, sbr. samkomulag ríkis og sveitarfélaga frá 13. apríl 2016 um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms.

Framlagi ríkisins er ætlað að gera nemendum kleift að stunda tónlistarnám óháð búsetu og efnahag. Framlagið skal renna til greiðslu kennslukostnaðar nemenda í framhaldsnámi í hljóðfæraleik og söng ásamt miðnámi í söng og, að uppfylltum skilyrðum, nemenda sem hafa lokið námi á framhaldsstigi.

Með framlagi ríkisins er Jöfnunarsjóði jafnframt heimilt að veita framlag vegna kennslukostnaðar annarra nemenda sem þurfa af gildum ástæðum að sækja tónlistarskóla utan lögheimilissveitarfélags, sbr. 7. gr. Skilyrði er að um sé að ræða tónlistarnám í viðurkenndum tónlistarskóla, þ.e. skóla sem kennir samkvæmt aðalnámskrá tónlistarskóla og nýtur viðurkenningar mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Reglurnar gilda ekki um tónlistarnám sem kennt er í listframhaldsskólum.

2. gr.

Framlag úr ríkissjóði.

Eins og fram kemur í samkomulaginu frá 13. apríl 2016 er árlegt styrktarframlag ríkissjóðs í Jöfnunarsjóð 520 m. kr. á árunum 2016 til 2018. Framlagið greiðist með jöfnum mánaðarlegum greiðslum. Um forsendur framlagsins og verðlagsbreytingar á tímabilinu vísast til 2. gr. samkomulagsins.

Ráðherra setur nánari vinnureglur um úthlutun framlaga að fenginni umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Vinnureglurnar eru birtar sem viðauki við þessar reglur.

3. gr.

Upplýsingar frá tónlistarskólum – Umsóknir sveitarfélaga

Eigi síðar en 1. mars ár hvert skulu tónlistarskólar senda því sveitarfélagi, þar sem skóli starfar, skrá um alla nemendur sem stunda eða hafa stundað tónlistarnám á yfirstandandi skólaári sem fellur undir 2. mgr. 1. gr. Upplýsingum skal skilað á eyðublaði sem Jöfnunarsjóður sveitarfélaga lætur í té og nálgast má á vefsíðu Jöfnunarsjóðs: jofnunarsjodur.is.

Við skil upplýsinga til sveitarfélaga skal taka mið af eftirfarandi:

- a. Til að hægt sé að sækja um framlag vegna náms á miðstigi í söng þarf nemandi að hafa lokið að fullu námi í söng á grunnstigi. Framlög vegna náms á miðstigi eru að hámarki greidd í fjögur ár.
- b. Til að hægt sé að sækja um framlag vegna náms á framhaldsstigi í söng eða hljóðfæragreinum þarf nemandi að hafa lokið að fullu námi á miðstigi. Framlög vegna náms á framhaldsstigi eru að hámarki greidd í fimm ár.
- c. Til að hægt sé að sækja um framlag vegna viðbótarnáms að loknu framhaldsstigi (4. hæfniprep í söng eða hljóðfæranámi) þarf nemandi að hafa lokið að fullu námi á framhaldsstigi. Framlög vegna náms að loknu framhaldsstigi eru að hámarki greidd í tvö ár.

Sveitarfélögum ber að yfirfara upplýsingar frá tónlistarskólum um kennslumagn á yfirstandandi skólaári, skv. 1. málsgrein og senda til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir 15. mars ár hvert. Þær upplýsingar eru ígildi umsókna sveitarfélaga um framlög fyrir næsta skólaár. sbr. þó 1. mgr. 5. gr. Við útreikning og úthlutun framlaga, sbr. 2. mgr. 1. gr, er Jöfnunarsjóði heimilt, á grundvelli upplýsinga í umsókn sveitarfélagsins, að bregðast við verulegri fækkun nemenda einstakra tónlistarskóla á yfirstandandi skólaári þannig að skerðing á framlagi komi ekki að fullu til framkvæmda á næsta skólaári.

4. gr.

Framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Þegar upplýsingar liggja fyrir úr umsóknum sveitarfélaga um kennslumagn á yfirstandandi skólaári, sbr. 3. gr., birtir Jöfnunarsjóður sveitarfélaga upplýsingar um skiptingu framlaga (kennslumagns) milli sveitarfélaga vegna kennslu nemenda í framhaldsnámi í hljóðfæraleik og söng ásamt miðnámi í söng, skv. 2. mgr. 1. gr. að teknu tilliti til þess fjármagns sem er til úthlutunar hverju sinni, sbr. 2. gr. Við útreikning á kennslumagni eru raunverulegar kennslumínútur (stundir) umreiknaðar yfir í einingar út frá stuðlum í kjarasamningi tónlistarkennara.

Upplýsingar um framlög fyrir komandi skólaár skulu liggja fyrir eigi síðar en 1. apríl, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða.

Um mánaðarlegar greiðslur framlaga verður að ræða yfir skólaárið, þ.e. á tímabilinu september til ágúst. Greiðsla skal berast til sveitarfélags eigi síðar en síðasta dag hvers mánaðar.

5. gr.

Breyttar forsendur og veruleg frávik

Sveitarfélagi ber að gæta þess að framlag til einstakra tónlistarskóla nemi ekki hærri fjárhæð en heimilt er samkvæmt þessum reglum. Sveitarfélagi er þó heimilt að veita tónlistarskóla tímabundna afkomuþryggingu til að bregðast við breyttum aðstæðum, sbr. 3. mgr. 3. gr. þessara reglna.

Sveitarfélagi ber að tilkynna Jöfnunarsjóði sveitarfélaga ef forsendur fyrir úthlutun framlaga breytast, svo sem ef tónlistarskóli hættir starfsemi.

Komi í ljós verulegar breytingar á kennslumagni milli skólaára, við yfirferð upplýsinga frá sveitarfélögum, sbr. 2. mgr. 3. gr., er jöfnunarsjóði heimilt að leita skýringa hjá sveitarfélögum þar að lútandi.

Ef framlög til sveitarfélags hafa verið greidd á grundvelli rangra upplýsinga skal gerð leiðrétting áður en kemur til lokagreiðslu framlags fyrir viðkomandi skólaár, en ef því verður ekki við komið, getur sjóðurinn dregið mismuninn af öðrum framlögum sjóðsins.

6. gr.

Langtímaforföll.

Sveitarfélagi er heimilt að sækja sérstaklega um aukaframlag til Jöfnunarsjóðs vegna langtímaforfalla kennara á miðstigi í söng og á framhaldsstigi eða ofar í söng og hljóðfæragreinum, sem standa lengur en einn mánuð enda liggja fyrir læknisvottorð. Heildarframlag verður þó aldrei hærra en sem nemur raunverulegum viðbótarlaunakostnaði skólans vegna langtímaforfalla á því tímabili sem um ræðir.

Umsókn frá sveitarfélagi um framlag samkvæmt þessari grein skal berast til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir 20. júní ár hvert vegna skólaársins sem er að líða. Jöfnunarsjóði ber að hafa lokið útreikningi og úthlutun framlaga, skv. þessari grein fyrir 1. júlí ár hvert.

7. gr.

Framlög vegna nemenda á grunnstigi og nemenda á miðstigi í hljóðfæragreinum.

Jöfnunarsjóði sveitarfélaga er heimilt að veita sveitarfélögum framlög vegna nemenda sem þurfa af gildum ástæðum að sækja tónlistarskóla utan síns sveitarfélags sbr. 3. mgr. 1. gr. Skilyrði er að fyrir liggja staðfesting um að námið verði metið til eininga í framhaldsskóla. Umsóknir samkvæmt þessari grein skulu berast til jöfnunarsjóðs eigi síðar en 1. september vegna komandi skólaárs.

Úthlutun framlaga samkvæmt þessari grein takmarkast af því hve mikið fjármagn Jöfnunarsjóður hefur til ráðstöfunar að teknu tilliti til framlaga skv. 4. og 6. gr. Við ákvörðun framlaga skal umsóknum forgangsraðað í eftirfarandi röð:

1. Nemendur á miðstigi í hljóðfæragreinum.
2. Nemendur á grunnstigi í söng eða hljóðfæragreinum, þ.e. nemendur sem hafa verið í tónlistarnámi á grunnstigi í eitt skólaár eða lengur.
3. Nemendur sem eru að hefja nám á grunnstigi í söng.

Falli tónlistarnám nemenda undir þessa grein ber tónlistarskóla að senda lögheimilissveitarfélagi skrá um þá nemendur, sbr. ákvæði í 3. mgr. 1, gr,

Úthlutuð framlög vegna samþykktra umsókna samkvæmt þessari grein skulu að hámarki nema 50% af vegnu meðaltali framlags á nemanda, sbr. 2. mgr. 1. gr. Framlögin geta lækkað ef eftirspurn er umfram það fjármagn sem er til ráðstöfunar skv. 2. mgr. Sveitarfélag sem sækir um framlag greiðir þann hluta kennslukostnaðar sem út af stendur. Tónlistarskólar skulu gæta þess

að samþykki lögheimilissveitarfélags liggja fyrir vegna nemenda sem uppfylla skilyrði skv. 1. og 2. mgr., áður en þeir eru innritaðir í tónlistarnám.

Um umsóknir, greiðslu framlaga og leiðréttingu áætlaðra framlaga fer skv. 3.- 5. gr. eftir því sem við á. Jöfnunarsjóður skal senda lögheimilissveitarfélögum tilkynningu um áætluð framlög fyrir næsta skólaár samkvæmt þessari grein fyrir 1. október ár hvert.

8. gr.

Gildistaka.


Reglur þessar eru settar á grundvelli samkomulags ríkisins og sveitarfélaga frá 13. apríl 2016 um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda og laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, nr. 75/1985. Reglurnar öðlast þegar gildi og koma í stað reglugerðar nr. 23/2013, sem felld verður úr gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 3. og 4. gr. gildir eftirfarandi um framlög fyrir skólaárið 2016-2017:

- a. Við skiptingu kennslumagns og úthlutun framlaga samkvæmt 4. gr. þessara reglna liggja til grundvallar upplýsingar frá tónlistarskólum um nemendur og kennslumagn skólaárið 2015–2016, yfirfarnar af viðkomandi sveitarfélagi, á eyðublaði sem Jöfnunarsjóður sveitarfélaga lætur í té. Skoðast þessar upplýsingar sem ígildi umsókna sveitarfélaga um framlag og skulu þær liggja til grundvallar við skiptingu kennslumagns fyrir næsta skólaár. Við endanlega skiptingu kennslumagns er horft til þess hvort samdráttur hafi orðið í kennslumagni tónlistarskóla frá vori 2014 til vors 2016 og bætt við kennslumagni sem nemur 70 hundraðshlutum af neikvæðum mismun undanfarinna tveggja ára.
- b. Upplýsingar frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga um framlög á skólaárinu 2016 - 2017 skulu sendar til sveitarfélaga eigi síðar en 1. september 2016.

Innanríkisráðuneytinu, 31. ágúst 2016.



Vinnureglur

Úthlutun framlaga á grundvelli 2. mgr. 1. gr., sbr. 4. gr. reglna um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til eflingar tónlistarnámi og jöfnunar á aðstöðumun nemenda

Tónlistarskólar sem njóta viðurkenningar mennta- og menningarmálaráðuneytisins og veita nemendum kennslu sem fellur undir samkomulagið fylla út sérstakt skjal í töflureikni sem nálgast má á vefsíðu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í skjalinu er óskað eftir eftirfarandi upplýsingum

- Upplýsingum um nemendur sem falla undir samkomulagið.
- Upplýsingum um fjölda nemenda og kennslustunda sem falla ekki undir samkomulagið. Upplýsinganna er aflað vegna aðferðafræði við útreikning framlaga.
- Upplýsingum um allar aðrar kennslustundir, svo sem í tónfræði og samspili/samsöng.

Skjalið er síðan sent til kennslusveitarfélags eigi síðar en 1. mars. Kennslusveitarfélagið sendir síðan skjöl fyrir alla viðurkennda tónlistarskóla í sveitarfélaginu til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir 15. mars. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem fram koma í innsendum skjölum kennslusveitarfélags er fundinn út heildarfjöldi kennslueininga (sjá skilgreiningu hér á eftir) fyrir hvert sveitarfélag á grundvelli samkomulagsins. Hvert sveitarfélag fær síðan fjárframlag hlutfallslega miðað við heildarfjölda kennslueininga allra sveitarfélaga vegna þess náms sem fellur undir samkomulagið að teknu tilliti til ráðstöfunarfjármagns Jöfnunarsjóðs. Sveitarfélögum er einnig tilkynnt, samhliða tilkynningu um framlag, hvaða lágmarksfjölda kennslustunda tónlistarskólum sveitarfélagsins ber að kenna. Fjöldi stunda er reiknaður út miðað við uppgefinn kostnað á kennslustund.

Útreikningsreglur

Við útreikning á heildarfjölda kennslueininga tónlistarskóla eru raunverulegar kennslumínútur (stundir) umreiknaðar yfir í einingar út frá stuðlum í kjarasamningi tónlistarkennara. Þessar umreiknuðu einingar eru grundvöllur að stöðuhlutfalli tónlistarkennara og endurspegla því hvernig kennslukostnaður er fundinn.

Aðferð við útreikninginn er sú að heildarkennslustundum og stundum í meðleik er breytt yfir í kennslustundir á grunnstigi. Þessar umreiknuðu kennslustundir kallast kennslueiningar. Þetta er gert með stuðlum reiknuðum skv. töflu 1 er sýnir mismunandi kennslueiningar eftir námsstigum fyrir hverja kennda klukkustund. Sem dæmi jafngildir ein kennslustund á miðstigi 1,0926 kennslueiningum og ein kennslustund í meðleik á miðstigi jafngildir 1,2371 kennslueiningum.

Tafla 1 - Kennslueiningar fyrir hverja kennslustund/meðleik á hverju námsstigi

	Kennsla ¹⁾	Meðleikur
Fornám/Grunnstig	1,0000	1,0926
Miðstig	1,0926	1,2371
Framhaldsstig	1,2371	1,4229
Nám að loknu framhaldsst.	1,2371	1,4229

1) Einkakennsla, samkennsla, samspil, samsöngur og önnur kennsla.

Þannig er fundinn út heildarfjöldi kennslueininga (umreiknað kennslumagn) á ári, fyrir hvert sveitarfélag, sem fellur undir samkomulagið.

Námsstigin sem falla undir samkomulagið eru:

- Hljóðfæranám á framhaldsstigi
- Söngnám á miðstigi
- Söngnám á framhaldsstigi

Við kennslueiningar í aðalnámsgreinum (hljóðfæranám/söngnám) er síðan bætt hlutdeild þessara námsstiga í aukanámsgreinum í sömu hlutföllum.

Summa kennslueininga vegna þessara námsstiga hvers skóla er auðkennd “ T_{Samk} .” Summa allra skóla sama sveitarfélags er auðkennd “ S_{Samk} .” Summa allra sveitarfélaga sem falla undir samkomulagið er auðkennt “ H_{Samk} .”

$$S_{Samk} = \sum T_{Samk} (i); i = \text{númer skóla innan sveitarfélags}$$

$$H_{Samk} = \sum S_{Samk} (j); j = \text{númer sveitarfélags}$$

$$F_{Samk} = \text{Fjármagn til ráðstöfunar vegna samkomulagsins}$$

$$F_{Svfe} = \text{Fjármagn til sveitarfélags}$$

Hvert sveitarfélag fær síðan fjárframlag hlutfallslega miðað við heildarfjölda kennslueininga allra sveitarfélaga vegna þess náms sem fellur undir samkomulagið skv. eftirfarandi:

$$F_{Svfe} = S_{Samk}/H_{Samk} \times F_{Samk}$$